

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin felst í því að 18 frístundahúsalóðir eru felldar út en í stað þeirra veður svæðið tekið til skógræktar. Tvær lóðir norðan skógræktarsvæðisins eru sameinaðar í eina lóð og 5 lóðir vestan skógræktarinnar stækka til vesturs. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 21. maí 2003.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Skipting námseininga milli námsgreina á félagsfræðabraut í töflu á bls. 22 verður þannig:

Íslenska	15
Stærðfræði	6
Danska ¹	6
Enska	15
Þriðja mál	12
Fjórdá mál	
Félagsfræði	6
Landfræði	3
Saga	9
Samfélagsgreinar skv. ákvörðun skóla	6
Náttúruvísindi	9
Eðlisfræði	
Efnafræði	
Jarðfræði	
Líffræði	
Íþróttir	8
Lífsleikni	3
Samtals	98

3. gr.

Brautarlýsing í kjarna félagsfræðabrautar á bls. 63 orðist svo:

Kjarni**98 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103/263 203	6 ein.
Erlend tungumál		33 ein.
Enska	ENS 103 203 303 403 503	
Danska ¹	DAN 103 203	
3. erlent mál	103 203 303 403	
Samfélagsgreinar	24 ein.	
Félagsfræði	FÉL 103 203	
Landfræði	LAN 103	
Saga	SAG 103 203 303	
Samfélagsgreinar samkv. ákvörðun skóla		6 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 103 113 123	9 ein.
Íþróttir – líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 4	8 ein.

4. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 20. maí 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

¹ Norska/sænska.

AUGLÝSING

um friðlýsingu húss sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

gjörir kunnugt:

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð og fyrirkomulag stiga við anddyri Héraðsskólans á Laugarvatni.

Ritað á Laugarvatni, 12. apríl 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.